



3, 2.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Jan. 1908.

NYARS-GJAFIR.

Eg var seinast að tala við ykkur, kæru börn! um jóla-gjöf —jóla-gjöfina miklu, sem guð gaf okkur, þegar hann sendi okkur son sinn Jesúm Krist. Og á jólunum hafið þið öll verið mint á hana. Guðs orðið, sem þig heyrðuð þá, það gerði það. Líka allur jólasöngurinn, sem þið sunguð. Þá jóla-tréð sjálf, ljómandi af ljósum og prýtt. Og þá áreiðanlega allar jóla-gjafirnar, sem þið fenguð. Enda var ætlast til þess, að þær sérstaklega mintu ykkur á jóla-gjöf guðs til okkar.

Og vænt þótti ykkur um jóla-gjafirnar ykkar. Það leyndi sér ekki. Því glöð urðuð þið, þegar ykkur voru fengnir böglarnir. Og hjartað hoppaði þá í ykkur af fögnumi, þegar þið voruð að opna böglana, og gjafirnar flugu hoppandi úr þeim beint í fangið á ykkur.

Ef þá var ekki fögur sjón og gaman að horfa framan í ykkur, þá veit eg ekki, hvað fagurt er og gaman! Það var eins og þið yrðuð að lifandi, ljómandi jóla-trjám, og andlitin á ykkur yrðu að dýrðlegum jóla-lofsöng.

Nú, öll sú fegurð og allur sá fögnumi og alt það ljós er að þakka jóla-gjöfinni miklu, sem guð gaf.

Nú vildi eg fá að tala við ykkur út af jóla-gjöfinni fáein



orð um nýárs-gjafir. En hver haldið þið eigi að gefa nýárs-gjafirnar, sem eg er nú sérstaklega að hugsa um?

Fyrsta sunnudaginn í árinu var eg að tala við börn um nýárs-gjafir. Þá hvíslar lítil stúlka að mömmu sinni: „Mamma! ætlarðu að gefa mér nýárs-gjafir?“ Henni datt það fyrst í hug. Eg veit nú ekki, hvað ykkur kann að detta fyrst í hug. Auðvitað er, að foreldrar gefa börnum sínum nýárs-gjafir; því þau eru sí og æ að gefa þeim gjafir. Og besta og helsta gjöfin þeirra er *kærleikurinn*. Þau eru einlægt að gefa börnumum kærleika sinn. Og fyrir það þykir börnumum svo undur vænt um þau. Og vænna og vænna, því betur sem þau finna til þess, hvað mikinn kærleik þau eru alt af að fá. Foreldrarnir líkjast guði í þessu. Hann er alt af að gefa okkur kærleika. Og því betur sem við finnum til þess, því vænna þykir okkur um hann.

Börn! Þið þurfið kærleiks við. Ykkur er ekki unt að lifa án hans. Sál ykkar þyrstir eftir kærleika og hún biður um hann eins og blómið biður um vökvun og sól. Hið sama gerum við, hinir fullorðnu, lika. Það er þorsti og hungur í hverri mannssál eftir kærleika. Ekkert, sem manns-sálín þráir eins og kærleika. Úr þeim þorsta og því hungri getur hún dáið. Enda deyja lang-flestir úr þeim sulti. Og það er sáristi dauðdaginn. Guði einum er unt að koma í veg fryir það og bæta úr því til fulls. Enda vill hann gera það. Þess vegna gaf hann jóla-gjöfina sína, kærleiks-gjöfina þá. Það er hún, sem til fulls á að seðja hungrið í mannssálunni eftir kærleika.

Viljið bið heyra um þetta, börnin míن góð? Það er ekki líkt því nóg fyrir ykkur að fá mat og fót og annað þesskonar, ef þið eigið að lifa. Ykkur ríður á kærleika foreldranna og mannanna yfir höfuð. En um fram alt ríður ykkur lífið á kærleika guðs. Ykkur ríður eins á honum eins og blóminu ríður á ljósi og vökvun. Þið vitið þetta um blómið. Þið þurfið lika að vita petta um ykkur sjálf.

En svo vill guð, sem gefur okkur kærleika sinn, að við gefum líka kærleika. Hann vill, að við hugsum um alla þá, sem hungrar eftir kærleika. Hann vill, að við seðjum þá — gefum þeim kærleika okkar. Þið þá lika, vitanlega. Þið eigið lika að gefa kærleika. Þið eigið ekki bara að *biggja* hann. Þið eigið lika að *gefa* hann. Og þið getið gefið kærleika. Það er alveg áreiðanlegt. Hvað fátæk sem þið eruð, þá getið þið gefið kærleika — þið getið gefið gjöfina, sem best er allra gjafa. Og þetta er það, sem þið eigið að gefa á árinu þessu,

sem er nýbyrjað — gefa betur en þið gerðuð á gamla árinu. Hugsið vel um það. Skrifis ð með stóru letri: *VIÐ EIGUM AD GFEA KÆRLEIKA.*

Nýárs-gjafirnar ykkar eiga þá að vera: *kærleiks-hlýðni, kærleiks-hjálþ, kærleiks-orð, kærleiks-viðmót og kærleiks-bel.*

Petta eru stórar gjafir. En það er líka dýrðlegt að gefa þær.

Pabbi ykkar og mamma þrá þær. Þau langar ekki í neitt eins hjá ykkur. Og svo langar systkinin ykkar líka í kærleika ykkar, og alla þá, sem þið umgangist, og miklu fleiri. Og með engu getið þið glatt aðra og með engu komið ykkur betur.

Svo að eins eitt enn. En það er leyndardómur. Ekki samt leyndardómur, sem þið megið ekki segja öðrum. Nei. Það er leyndardómurinn við það að láta árið verða gleðilegt ár. Leyndardómurinn við það er petta, sem eg hef verið að tala við ykkur um — að gefa kærleika sinn. Ekki gefa neitt af hinu, því ljóta og vonda. Því meira sem þið gefið af kærleika, því glaðari verðið þið, og því glaðari verða aðrir, og því gleðilegra verður árið. Munið þá að gefa kærleika — ekkert annað.

Og svo óska eg ykkur *gleðilegt árs*, og bið kærleikans guð að styrkja ykkur til þess að gefa kærleika í Jesú nafni.

NYÅRS-GESTURINN HENNAR ÖMMU.

Eftir *Helen H. Thomas.*

Í æsku hennar var mikill undirbúningur viðhafður undir fyrsta dag ársins, einkum að því er snerti búninginn; því nýársdaginn allan frá því snemma morguns var búist við gestum með nýárs-kveðjum, ef kunningjarnir voru margir, eins og átti sér stað um hana ömmu.

Nú var æskan hennar löngu liðin. Æn eins og vant er með aldrað fólk, þá lifði hún mjög í liðna tímanum, og undi illa allri nýbreytni, sem kemur með nýjum tínum. Þegar leið að árslokum, var hún því yön að segja við vini sína: „Munið, að svo er búið um lokuna á hurðinni minni, að hægt er að ljúka henni upp að utan, nýársdaginn að minsta kosti; því eg er kona forn-eskjuleg og vil, að hús mitt sé ætið opíð fyrir öllum.“

Vegna þess og líka vegna hins, að bæði ungu fólk og gömlu þótti svo undur vænt um þessa gömlu konu, er var sí-blíð

á svipinn, þá var ætíð séð um, að hún að minsta kosti fengi að heilsa upp á nokkra af sínum vinum með nýárs-kveðjunnin: „Gott og blesсаð nýár!“ Og þá gerði hún það upp á gamla móðinn, með hinum mikla innileglik, sem áður tíðkaðist, þrátt fyrir árin öll, sem hún bar á baki sér.

Söguritarinn létt mjög sjaldan farast fyrir að nota tækifæri það, sem vinum hennar bauðst. Einn nýársdag var hún samt að heiman. En undir eins og tækifæri gafst fór hún að heilsa upp á gömlu konuna, sem fagnaði henni hjartanlega og sagði: „Það er ekki um seinan að árna þér allrar blessunar á nýja árinu, góða! En eg saknaði þín.“

Brosandi sagði hún, sem gamla konan hélt svo hlýtt um höndina á: „Nú, eg held, að gestirnir hafi verið nógum margir samt. Og helst til margir; því þú ert svo fól og preytuleg. En nú verður þú að segja mér, hverjir komu til þín.“

Þjónusta gömlu konunnar segir þá í lágum róm: „Það var einum of margt. Og það er það, sem gengur að henni. Annars mun hún segja þér um hann, því hún getur varla um annað talað.“

Hálf-utan við sig segir hún þá: „Það voru þeir sömu og vanalega. En eg þarf nú samt að hugsa mig um; því fyrsti gesturinn minn hefur komið mér til þess hálfst í hvoru að gleyma hinum.

„Nú, hann hefur hlotið að vera einn af biðlum þínum frá því fyrir löngu löngu“—sagði eg hlæjandi.

Að það var henni ekki neitt hlátursefni var augljóst; því hún hrísti höfuðið og sagði mjög alvarlega:

„O, nei, góðin mínn! Hann var ólíkur öllum þeim, sem áður hafa heimsótt mig. Og eg gleymi honum aldrei — aldrei.“

Það leyndi sér ekki, að í þetta sinn var gamla konan ekki með hugann í löngu liðinni tíð, og að hana langaði til þess að tala um þetta, sem nú var efst í sálu hennar. Eg beiði því rólega eftir sögu hennar.

Jæja! það var þá svona. Og nú skaltu heyra, — sagði hún og laut fram, eins og hún var vön að gera, þegar hún var að segja sögur. Mér var ómögulegt að sofna síðustu stundir gamla ársins. Því eg var að hugsa um það, hvernig drottinn hafði leitt mig, og hvað góður hann hafði verið við mig. Og hjarta mitt varð svo fult af þakklátsemi, að eg hefði farið beint að syngja í rúmi mínu, ef eg hefði ekki verið hrædd um að vekja fólkiað.

Þú veist það, að eg sef í gamla herberginu mínu niðri, en



fólkið hitt alt sefur uppi. Það hefur verið reynt að telja mér trú um, að eg væri ekki óhult ein; en eg kann best við það, til þess að geta talað upp hátt án þess að ónáða nokkurn.

Nú, nú! Þegar klukkan sló 12 og sagði mér, að nýárið væri byrjað, þá fór eg að hugsa um það, hvað góður drottinn minn hafði verið við mig, að leyfa mér, þessum fausk, enn þá einu sinni að líta nýtt ár. Og eg gat ekki látið vera, að syngja up hátt: 'Lof sé þér, drottin minn!' En þá heyrði eg eins og eitthvað detta niður á gólfíð. Og eg lauk upp augunum og sá einhvern hjá kommóðunni minni; en ljósíð logaði svo dauflega, að í fyrstu sýndist mér það vera einhver af heimilisfólkini, sem væri að leita að einhverju.

En svo sá eg, að það var karlmaður, og að hann hafði dregið hattinn niður yfir augun, svo að mér hefði ekki verið unt að þekkja hann, þó það hefði verið einhver kunnugur."

„En amma!“ — hrópaði eg upp yfir mig — „þú hefur hlöt ið að verða máttlaus af hræðslu.“

„Nú gleymir þú því, góða mín! sem eg er rétt búin að segja, að hjarta mitt var þá svo fult af þakklæti til drottins, að ekkert rúm var í því fyrir neina hræðslu. Eg hafði því fult valdi á sjálfrí mér — skal eg segja þér. Og stundum finnst mér það hafa verið nærrí því kraftaverk, hvað mikið vit mér gafst þá — meira vit en endranær.

Að minsta kosti var mér það á svipstundu ljóst, að maðurinn hefði hrokkið við, þegar eg hrópaði upp, og mist þá um leið eitthvað niður á gólfíð; líka það, að hann hafði ekki komið í góðum tilgangi. En samt varð eg ekki vitund hrædd um, að liann myndi gera mér nokkuð ilt, né að eg myndi missa nokkurn hlut úr herberginu mínu. En eg hugsaði um elsku-vinina mína uppi á loftinu, og einsetti mér með guðs hjálp að koma þjófn-um út úr húsinu áður en hann færi upp á loftið.

Eg ligg æfinlega við herðadýnu í rúminu mínu vegna hóstans, svo eg þurfti ekki að færa mig neitt til. Eg rétti honum því bara höndina og sagði: 'Kondu hingað, sonur! Amma vill fá að tala við þig.' — Og trúirðu því, að alt eins og litill og gegninn drengur mjakaði hann sér á hlið að rúminu mínu og lofaði mér að taka í höndina á sér, sem hékk niður með hliðinni á honum. Hann var heldur ekki mikið meira en drengur, fanst mér. — Nú, hann kom til míni, og eg hélt fast um höndina á honum og slepti henni ekki og sagði við hann:

‘Þegar eg var ung stúlka, þá komu nýárs-gestir að heimsækja mig nokkuð snemma stundum, en þú hefur orðið langt á

undan þeim öllum, svo þú verður að fyrirgefa mér, þó eg sé ekki undir það búin að taka á móti gestum. En hvað um það, þá óska eg þér til heilla og blessunar á nýja árinu'."

„En þú, amma!“—hrópaði eg upp yfir mig. „Nú er eg alveg forviða! Að heyra þig, sem umkringd er á alla vegu af þeim, sem elskar þig, vera á eintali við innbrotsþjóf! Hvernig var þér það hægt?“

„Eg veit það ekki, góða mín! Eg er ekki sterk núna, þegar eg hugsa um hættuna, sem þeir allir segja eg hafi steypt mér í. En eg var þá að eins að hugsa um eitt — það að frelsa ástvinina mína uppi á loftinu —, svo eg gleymdi sjálfrí mér. Og eg trúi því fastlega, að hann, sem aldrei sefur, hafi gefið mér hugrekki og hyggindi til þess að gera einmitt það, sem eg átti að gera.

Svo sagði eg við hann, alt eins og eg hefði verið að tala við dóttur-son minn, sem komist hefði út á glapstigu:

‘Mér þykir fyrir því, sonur! að þurfa að segja bér, að heilla-óskir mínar gagna þér ekkert á árinu, ef þú heldur áfram eins og þú hefur byrjað’.

Nú varð hann svo niðurlútur og sneyptur, að eg flýtti mér að segja: ‘Einhvern veginn finn eg það á mér, að þú munir ekki vera orðinn vanur því að stelast inn í hús annarra. Þú ert sonur einhverrar móður. Og líklega hefur þú vilst hingað til stór-borgar þessarar. Eg kenni í brjósti um þig. En hlustaðu nú á mig, sonur! Eg þykist vita, að þú munir ekki vilja horfa framan í mig né lofa mér að heyra röddina þína. Þegar eg nú spryr þig, þá getur þú svarað mér annaðhvort með því að hrista höfuðið eða hneigja það. Eg trúi bér. Segðu mér nú: Er það ekki eins og eg held, að þú sért nýtekinn upp á því að fara inn í hús annarra um há-nótt í slíkum erindagerðum?’

Gesturinn minn játaði því með því að hneigja höfuðið, og um leið fann eg, hvernig höndin titraði. Við það fékk eg meiri hug til þess að tala betur um fyrir honum. En ekki get eg endurtekið alt. sem eg sagði við hann. Eg bar hratt á. Það skal eg segja þér. Og eg álít, að mér hafi verið gefið þá að segja við hann einmitt réttu orðin. En það man eg, að eg benti honum á klukkuna og sagði, að guð hefði nú gefið honum hreina blaðsíðu að skrifa á. Og eg bað hann að láta þennan fyrsta blett, sem komið hefði á síðuna, verða líka síðasta blettinn. Og á meðan eg var þannig að tala um fyrir honum, hrundu tárin frá augunum, sem falin voru fyrir mér.

Þá datt mér í hug, að verið gæti, að hungur hefði komið

honum til þess að taka upp á þessu. Og eg slepti nú fyrst hend-inni á honum og smeygði hendinni á mér undir dýnuna og tók út fimm dollara seðil, rétti að honum og sagði:

‘Eg veit, að þú átt bágð. Þetta getur hjálpað þér til þess að komast á rétta leið aftur.’ En hann hrísti höfuðið og vildi ekki taka við honum, þangað til eg sagði honum, að hann gæti þegið þetta sem lán. Og um leið tók eg spjald með utanáskrift minni upp úr buddunni og fékk honum með peningunum, sem honum var sjánlega mjög ljúft að þiggja. Svo stökk eg fram úr rúminu, greip aftur um höndina á honum og sagði með ó-styrkum hlátri: ‘Eg er alltént vön að fylgja gestum mínum til dyranna. Og hið sama verð eg að gera við þig.’

Hann létt ekki dekstra sér, heldur fór óðar, og ætlaði sér út um bakdýrnar; því um þær hafði hann komið, eins og við kom umst að seinna; en eg var svo hrædd um, að eg kæmi honum ekki út áður en fólkis vaknaði, svo eg dró hann að hliðardyr-unum nálægt herberginu mínu, dró lokuna frá og hleypti honum út og sagði um leið: ‘Guð blessti þig, sonur! Bænir mínar fylgja þér.’

„Nú, saga mín er þá búin, nema það—“

„Nema það, að kjarkur hennar brást þá“—tók þjónustan hennar fram í; „því undir eins og hún hafði kallað um hjálp, varð hún vita máttlaus. Í fyrstu héldum við, að hana hefði dreymt illa. En það sáust ljós merki þess, að annað var það, sem hafði komið fyrir. Og það skal eg segja þér, að síðan hefur hún verið hetja í augum allra.“

„Og þú átt það skilið, amma!“—kallaði eg, sem í fyrsta sinni heyrði sóguna. „Ekki hefði einn af þúsund farið að jafn-hygglega og þú, ef eins mikið hefði reynt á.“

„En eg þakka honum það, sem aldrei hefur brugðist mér, hvernig sem á hefur staðið fvrir mér“—sagði gamla konan og þurkaði tárin, sem fyltu augun. „Og svo verður þú að fá að heyra niðurlagið á þessu óvenjulega æfintýri mínu.“

Um leið tók hún upp úr vasa sínum bréf, sem hún rétti að mér — vel ritað bréf, en dagsetningarlaust og nafnlaust. Bréf-ið hljóðaði þannig:

NÝJA BLÁÐID.

Seinna gengur með það en búist var við. En aðal-orsökin til þess er, hvað seint hefur gengið með að safna áskrifendum.

Víða hefur verið unnið að því bæði fljótt og vel. Og eiga þeir allir bestu þakkir skilið. En sumstaðar hefur gengið seinna, eins og oft vill verða. Sumir vilja heldur ekki skrifa sig fyrir blaðinu fyrr en þeir sjá það. Eru það að vísu hyggindi, en samt ekki hyggindi, sem í hag koma blað-fyrirtækinu; því ef allir hugsuðu svo, há væri það greinileg vantrausts-yfirlýsing á þeim, sem standa fyrir fyrirtækinu. En trausti sínu á þeim lýsti þó kirkjuþing og bandalagss-þing með því að kjósa þá. Annars er nú ekkert um þetta að segja. Það er eins og gengur. Og mátti að sjálfsögðu við því búast. Nú, við búumst samt við hinu besta, og biðjum alla að vera þolinmóðir, og gera sitt besta með að safna áskrifendum. Nafn blaðsins birtist með fyrsta tölublaðinu. Og verða vonandi flest börn og unglingar ánægðir með það.

BARNID I LIFSHASKA.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Einu sinni var bóndi nokkur að aka korni heim af akri sínum. Þegar hann kom að garðliðinu, stóð þar barn hans lítið. Hann sá ekki barnið, og ætlaði því að halda vagninum inn um hliðið. Annar hesturinn hratt barninu um koll, svo að það fél rétt við vagnhjólið; en þá urðu hestarnir alt í einu staðir, og gat bóndi með engu móti nuddað þeim áfram. Hann sté þá niður úr vagninum, og brá honum heldur en ekki í brún, er hann sá barn sitt liggja fyrir öðru vagnhjólinu. Það var enn óskaddað. Hann tók það í fang sér, bar það til konu sinnar og mælti með tár í augum: „Hér færi eg þér barn okkar, sem drottinn hefur gefið okkur í annað sinn. Engill drottins stöðvæði hestana; annars hefði eg orðið að færa þér það andvana.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmáðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.